

SAMÞYKKT

um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Hundahald í Sveitarfélaginu Árborg sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) *Skráning*: Allir hundar skulu skráðir. Skráning fer fram á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi eða á þjónustuskrifstofunni að Túngötu 45 á Eyrarbakka. Þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Skrá skal hund eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn inn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða sex mánaða gamlir. Hundaeiganda ber að tilkynna skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs um aðsetursskipti og dauða hunds innan mánaðar. Ræktun og sala hunda er háð ákvæðum reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni og leyfi Umhverfisstofnunar. Við skráningu hunds skal greiða skráningargjald samkvæmt gjaldskrá í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- b) *Gjald fyrir hundahald*: Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af bæjarstjórn í gjaldskrá í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega. Gjaldsdagi er 1. mars ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald sbr. 4. gr.
Hafi leyfisgjald ekki verið greitt innan þriggja mánaða frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið og fjarlægja hundinn að undangenginni skriflegri viðvörun, sama gildir ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum eða ef önnur ákvæði er varða samþykkt þessa, eru ekki virt.
- c) *Ábyrgðartrygging*: Sveitarfélagið Árborg ábyrgðartryggir alla skráða hunda, sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi skv. f-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingafélagi, og sjá um hundahreinsun á sinn kostnað. Eigendur hunda sem gjaldfrjálssir eru samkvæmt f-lið skulu leggja fram vottorð um að hundurinn hafi verið hreinsaður ef dýraeftirlitsmaður óskar þess.
- d) *Almennar skyldur hundaeigenda*: Hundaeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri meðferð. Umhirða hunds skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum samþykktar þessarar. Hundaeigandi skal gæta þess, eftir því sem framast er unnt, að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Þá er

umráðamönnum alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælafyrirtæki, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994 eða við vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur. Hundaeiganda ber að hlíta lögum og reglum, er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

- e) *Hundahald í fjöleignarhúsum*: Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þannig er skilyrði fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsum þar sem inngangur er sameiginlegur að fyrir liggi skriflegt samþykki hlutaðeigandi íbúðareigenda við skráningu hundsins. Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða umferð hunds um slíkt rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess.
- f) Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir þessu gjaldi, svo og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.

3. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almanna-hagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar dýraeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

4. gr.

Hunda sem ganga lausir á almannaferi er dýraeftirlitsmanni heimilt að handsama og færa í geymslu. Gefi eigandi óskráðs hunds sig ekki fram innan sjö sólarhringa getur dýraeftirlitsmaður tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður.

Sé skráður hundur handsamaður skal tilkynna eiganda strax um handsömun hans og hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan sjö sólarhringa getur dýraeftirlitsmaður tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður án frekari fyrirvara.

Hafi hundur bitið mann og/eða er hættulegur getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður þegar í stað. Óski hunda-eigandi þess er honum þó heimilt að leita álits héraðsdýralæknis áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna dýraeftirlitsmanni um kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

5. gr.

Sé um alvarleg eða ítrekuð brot á samþykkt þessari að ræða eða sinni hundaeigandi eða umráðamaður hunds ekki fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur eða breytingu á hegðun hunds getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa afturkallað skráningu einstakra hunda, gert hundaeiganda eða umráðamanni að koma hundi fyrir á öðrum stað, viðurkenndum af eftirlitsaðila, látið fjarlægja hundinn og bannað viðkomandi eiganda að vera með hund í sveitarfélaginu um lengri eða skemmri tíma. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggismarkmiða.

6. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, ákveðið að veita ekki heimild til hundahalds fyrir ákveðnum hundategundum sem taldar eru hættulegar og skal það kynnt sérstaklega. Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum.

7. gr.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 127/2003 um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.